

STAFRÆNT RÁÐ 24. september 2025: Tillaga stafræns ráðs að þróun sameiginlegrar ábendingagáttar – PON25090097

Lagt er til að kanna möguleika á sameiginlegri ábendingargátt ríkis og sveitarfélaga, sem gæti verið þróuð í samvinnu Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, Stafræns Íslands og annarra hagsmunaaðila.

Greinargerð:

Markmið með sameiginlegri ábendingargátt er að einfalda samskipti íbúa og fyrirtækja við sveitarfélög og stofnanir. Með slíkri gátt gætu ábendingar borist á einn stað og verið vísað til réttra aðila á sjálfvirkan hátt. Þetta myndi stuðla að betra aðgengi, einföldun þjónustu og auknu gagnsæi í stjórnsýslu.

Reynslan sýnir að verkefni af þessu tagi geta verið flókin, en þau má byggja upp í áföngum. Hægt væri að hefja þróun með fáum þátttakendum og bæta smám saman við fleiri sveitarfélögum og ríkisstofnunum.